

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 88/1999**

**frá 25. júní 1999**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/1999 frá 30. apríl 1999<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/15/EB frá 27. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/271/EBE að því er varðar tilteknar kröfur í I. viðauka við hana<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við 13. lið (tilskipun ráðsins 91/271/EB) í XX. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/15/EB frá 27 febrúar 1998 (Stjtið. EB L 67, 7.3.1998, bls. 29).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur ekki enn verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 67, 7.3.1998, bls. 29.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/15/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. júní 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*